



Afstöðumynd
1 : 1000

Útreikningur á lágmarks loftun þakflatar samkv.byggingareglugerð				
Flatarmál þakflatar	2,3			
Lágmarks loftun pr. ferm.	1.000			
lengd (m)	4,2 (þakflatar upp að mæni)			
Breidd (m)	0,55 (sperrubíl)			
Stærð rörs	Innanm.	Flatarmál	E.Rýrnun	Fjöldi röra
32	28	616	369	6
40	36	1.018	611	4
50	46	1.662	997	2
60	56	2.463	1.478	2
70	66	3.421	2.053	1
80	76	4.536	2.722	1
90	86	5.809	3.485	1
100	96	7.238	4.343	1
110	106	8.825	5.295	0
Loftun með opnum milli sperra				
Lágm. loftun	Með 40% rýrnun	lágmarks op í mm		
2310	3.234,0	6		

Greinagerð aðalhönnuðar / byggingarlýsing.

Landheiti : Sandlækur 1
Landnúmer : 166590
Staðgreinir : 8720-4-00060000

Um er að ræða einbýlishús á einni hæð.

Mhl.01 0101 87,3 m² 300,8 m³
Hús í allt: 87,3 m² 300,8 m³
Lóð: 56356 m²
Nýtingarhlutfall: 0,002

Bílastæði: Tvö Bílastæði eru við húsið.

Hönnunarstjóri hússins er Kjartan Sigurbjartsson BFÍ.

1 Aðgengi-Algild hönnun

Aðkoma og húsnæðið sjálft er hannað á forsendum algildrar hönnunar samkv. gr. 6.1.2 og gr.6.1.3 í byggingareglugerð.
Samkvæmt gr. 6.1.3 liður h í byggingareglugerð skal hanna og byggja umferðaleiðir innan íbúðar með öll meginrými á jarðhæð á grundvelli algildrar hönnunar. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra inngangsdýra byggingar skal minnst vera 0,83 m og samsvarandi hindrunarlaus hæð minnst 2,07 m.

Herbergjaskipan húsnæðis er hönnuð með léttum innveggjum þannig að rými eru innréttanleg á auðveldan hátt þannig að þau henti sérstökum þörfum þeirra einstaklinga sem taldir eru upp í 2. mgr. 6.1.2. gr. í byggingareglugerð.

Setja skal bréfalúgu 25x260 mm að lágmarki í aðalhurð skv. gr. 6.13.1 byggingareglugerð. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra svala- og garðdýra skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2 m. Þröskuldur við inngangsdýr/útidyr og svala- og garðdyr skal ekki vera hærri en 25 mm. Hindrunarlaus umferðarbreidd allra innihurða skal minnst vera 0,80 m og samsvarandi hæð minnst 2 m. Gangar og anddyri innan íbúða eru skv. lið 4 gr. 6.4.4 í byggingareglugerð.
Yfirborð bílastæðis skal vera með þeim hætti að það þoli álag sem sett verður á það og að það sé frostrítt burðarlag undir því.

Tengibúnaður vegna hleðslu rafbíla skal vera skv. gr. 6.7.1 í byggingareglugerð. Sorpskýli skal vera samkvæmt gr. 6.12.6 í byggingareglugerð. Gera skal ráð fyrir 3 ruslatunnum. Dyr að almennum snyrtingum bygginga svo og öðrum rýmum sem aðeins er hægt að læsa/opna innan frá skulu hafa læsingu þannig frágengna að við neyðartilvik sé hægt að opna læsingu með sérstökum þar til gerðum búnaði utan frá. Lýsing á húsi og á lóð skal vera lágstemmd og ekki valda ljósmengun.

2 Einangrun

Við ákvörðun einangrunar byggingarinnar var haft til hliðsjónar leyfilegt hámark U-gilda einstakra byggingarluta skv. gr.13.3.2. tafla 13.01 í byggingareglugerð og ÍST 66:2016. sjá U-gildi í töflu.

Húsið er með timburgólfi einangrað með 200 mm steinullareinangrun. Útveggir er einangraðir með 145 mm steinullareinangrun. Þak er einangrað með 220 mm steinullareinangrun með vindvörn, tryggja skal a.m.k. 25 mm loftræst bíl fyrir ofan einangrun fyrir loftun þaks. Loftun þaks skal vera samkvæmt útreikningi. Gluggar og hurðir eru viðurkenndir ál/timbur gluggar og hurðir, dökk grár að lit. Gler í gluggum og hurðum skal vera samkvæmt Rb-blaði um val glergerða fyrir íbúðarhús Rb. (31),121.1

3 Hljóðvist

Húsið skal að lágmarki uppfylla kröfur til hljóðvistarflokks C samkvæmt staðlinum ÍST 45. R'w > 55db lofthljóðeinangrun og L'n,w < 53d .

4 Brunahönnun

Byggingin er í notkunarflokki 3 skv. gr. 9.1.3 tafla 9.01 í byggingareglugerð.

Brunamótstaða burðarvirkis verður a.m.k. R 60. Allar innanhúsklæðningar í íbúð verða í flokki 2, gólfefni í flokki G, eða Dfl-s1. Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T, eða B(roof.) (t2). Slökkvitæki er staðsett í forstofu skv. gr. 9.4.4 í byggingareglugerð. Reykskynjarar eru staðsettir í svefnherbergjum og alrými skv. gr. 9.4.3 í byggingareglugerð. Í öllum svefnherbergjum er björgunarop sem uppfylla kröfur byggingareglugerðar gr. 9.5.5 um stærðir. Þannig skal gengið frá loftræsingum að hún stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.

5 Burðarþol

Byggingarefni hússins skal standast héraðskröfur, viðeigandi staðla og gæðavottun. Sökkulíbitar staðsteypt skv. teikningum verkfræðings. Burðarvirki gólfs er 195mm timburgrind. og undir því eru límrés bitar sem setjast á sökkulbita. Burðarvirki útveggja er 145 mm timburgrind (sjá verkfræðiteikningar). Utan á timburgrind kemur 9 mm krossviður og loftræst bandsöguð timburklæðning, dökkgrá að lit. Loftræst bíl skal vera að lágmarki 20 mm til að tryggja næga loftun og minnka rakasöfnun. Setja skal músanet að neðan allan úthringinn. Innan á útveggjagrind kemur rakavarnalag, tryggja skal að öll samskeyti rakasperru séu þétt, 34x45 mm lagnagrind og klæðning í flokki 2. Burðarvirki þaks er timbur (sjá verkfræðiteikningar) sem hvílir á útveggjum, burðarveggjum og bitum. Þakhalli er 14°. Loft eru upptekin. Að ofan eru sperrur klæddar með 25x150 mm borðaklæðningu, 22x45 loftunagrind ásamt öndunardúk og aluzink þakklæðningu. Neðan á burðarvirki kemur rakavarnalag, 34x50 mm rafagnagrind og klæðning í flokki 2. Burðarveggir innanhúss eru timburveggir samkvæmt teikningum burðarvirkishönnuðar. Léttir veggir eru hefðbundin innveggir byggðir upp með timburstöðum og klæðningu málaðir í ljósum lit. Veggir í votrymum skulu vera klæddir með rakaheldum plötum. Allt burðarvirki og allar festingar skulu vera samkvæmt teikningum frá verkfræðingi.

6 Loftræsing

Vélræn loftræsting (útsog) skal vera úr eldhúsi, baðherbergjum, þvottaherbergi og í gluggalausum rýmum en í öðrum rýmum er loftað um opnanleg fög. Loftræsting er skv. gr. 10.2.5. í byggingareglugerð.

7 Lagnir

Neyslvatnslagnir eru rör í rör lagnir. Neyslvatnslagnir eru lagðar í timburgólf og útveggi. Húsið er hitað upp með ofnakerfi. Frárennili tengist í rotþró skv. teikningum lagnahönnuðar. Rotþró er 3200 L. Hitastig vatns við töppunarstað á böðum skal ekki vera það hátt að það skapi hættu á húðbruna. Einnig skal með öryggisbúnaði neyslvatnskerta t.d. varmaskipta eða uppblöndunarloka koma í veg fyrir að hiti fari upp fyrir 65°C. Allt lagnæfni skal vera gæðavottað af viðurkenndum aðilum. Inntök hitaveitu, vatnsveitu, rafmagns og síma eru í Baðherbergi.



Kólnunartölur skv. byggingareglugerð, tafla 13.01.

Útveggir	U - gildi = 0,30 w/m ² C
Þak	U - gildi = 0,20 w/m ² C
Gólf	U - gildi = 0,20 w/m ² C
Gluggar og hurðar	U - gildi = 2,0 w/m ² C

Kólnunartölur byggingarluta skv. útreikningum.

Útveggir	U - gildi = 0,29 w/m ² C
Þak	U - gildi = 0,20 w/m ² C
Gólf	U - gildi = 0,20 w/m ² C
Gluggar og Hurðar	U - gildi = 1,80 w/m ² C

20220726

Pro-Ark Teiknistofa

Sandlækur 1

4-21-036

Afstöðumynd og byggingarlýsing

Eiríkur Vignir Pálsson BFÍ Kt: 010975-4179

Kjartan Sigurbjartsson BFÍ Kt: 190275-5319

Teikn. RÓ
Dags. 2.11.2021
Mkv. 1:1000
Bláðast. A2

A-100